

# PEKING ÁÆTLUNIN 20 ÁRA

Jafnréttisstofa, í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og önnur frjáls félagasamtök, boðar til vinnufundar í tilefni tuttugu ára afmælis Peking áætlunarinnar

Þínu félagi er boðið að tilnefna einn til þrjá fulltrúa á fundinn  
kostnaður á fulltrúa er 1.000.- krónur

**Stund:** Laugardagurinn 21. febrúar frá kl. 10:00 – 14:30, húsið opnar kl. 09:30.  
**Staður:** Guðrúnartún 1, fjórðu hæð. ASÍ húsið á horni Snorrabrautar og Sæbrautar.  
**Skráning:** Jafnréttisstofa á netfangið [kristin@jafnrétti.is](mailto:kristin@jafnrétti.is) til og með 10. febrúar.

## Viðfangsefni fundarins:

Viðfangsefnin byggja á köflunum tólf í Peking áætluninni, (íslenskur útdráttur áætlunarinnar fylgir í viðhengi), auk málefna minnihlutahópa, kynvitund og kynhneigð. Þátttakendur eru beðnir að velja tvö viðfangsefni til að vinna með á fundinum og tilkynna val sitt við skráningu.

<i>Mannréttindi.</i>	<i>Konur við stjórnvölin.</i>	<i>Konur og fátækt.</i>
<i>Minnihlutahópar.</i>	<i>Konur og efnahagsmál.</i>	<i>Stofnanir sem vinna að framgangi kvenna.</i>
<i>Kynvitund og kynhneigð.</i>	<i>Konur og fjölmiðlar.</i>	
<i>Konur og vopnuð átök.</i>	<i>Konur og umhverfið.</i>	<i>Menntun kvenna.</i>
<i>Ofbeldi gegn konum.</i>	<i>Konur og heilsufar.</i>	<i>Stúlkubörn og unglingsstúlkur.</i>

## Fyrirkomulag fundarins:

Málefnavinnan á fundinum fer fram með miðlunaraðferðinni sem er aðferð fyrir hópa sem koma saman til að læra, skipuleggja, leysa vandamál, taka ákvarðanir eða breyta. Aðaleinkenni aðferðarinnar er að umræðurnar verða sýnilegar, málefnið er alltaf í miðpunkti en ekki hver leggur það til. Aðferðin einkennist af virðingu fyrir þátttakendum og samvinnu og hún stuðlar að opnu jafningjaumhverfi. Unnið er við hringborð í 8-10 manna hópum þar sem öllum þátttakendum gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Farnar eru tvær umferðir og skipta þátttakendur um borð og viðfangsefni milli umferða.

## Spurningar fundarins:

1. Hvaða ákvæði Pekingsáttmálans hafa íslensk stjórnvöld ekki uppfyllt?
2. Hvað vantar í samninginn miðað við þróun síðustu 20 ára?
3. Hvað er brýnast að gera?

Niðurstöður fundarins verða kynntar stjórnvöldum, stjórnmalaflokkum, fjölmiðlum, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum er málið varðar.